

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/813
komudagur 5.12.2007



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.12.2007
Tilv. 164/2006 - 1.05.02
JHÁ


Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um frumvarp til laga um aukna greiðsluþátttöku í almennum tannlækningakostnaði.


Lýðheilsustöð fagnar frumvarpi til laga um aukna greiðsluþátttöku almannatrygginga í almennum tannlækningakostnaði barna og ungs fólks að 25 ára aldri, auk tannréttinga.

Tekið er undir þau sjónarmið að tímabært sé að leita leiða til að draga úr því ósamræmi sem nú ríkir varðandi greiðsluþátttöku einstaklinga í tannlækniskostnaði annars vegar og öðrum lækniskostnaði hins vegar. Mikilvægt er að finna tannheilbrigðisþjónustu stað innan ramma heilðrænnar heilbrigðisþjónustu hér á landi og fylgja t.d. fordæmi hinna Norðurlandanna í tannheilbrigðismálum. Í ljósi niðurstaðna MUNNÍS rannsóknar liggur fyrir að íslensk börn/ungmennni eru að meðaltali með tvöflalt fleiri skemmdar/fylltar tennur en samanburðarhópar í Svíþjóð og staðan er verri hér en á hinum Norðurlöndunum: <http://www.lydheilsustod.is/rannsoknir/tannvernd/nr/1986>

Lýðheilsustöð fagnar frumvarpi til laga um aukna greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannlækningakostnaði hjá öldruðum og öryrkjum. Nauðsynlegt er að bregðast við tannheilsuvanda sérhópa með sérstakri áherlsu á bætt aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu og sértækri umönnun á sviði tannverndar innan veggja heimila og hjúkrunarstofnana.

Viðingarfyllst,


Þórólfur Þórlindsson
forstjóri


Hólmfríður Guðmundsdóttir
tannlæknir